



LEB

Landssamband eldri borgara

Sigtún 42, 105 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1638
komudagur 20.2.2013

Efni: Umsögn – þingskjal 573, mál 454

Eldri borgarar hafa tekið á sig miklar skerðingar allt frá því að breytingar voru gerðar á lögum um almannatryggingar árið 2009. Landssamband eldri borgara hefur margoft mótmælt þeim skerðingum og óskað eftir því að þær verði dregnar til baka. Rætt var um að þetta væri tímabundin ráðstöfun sem ætti að gilda til þriggja ára. Enn hefur ekki borið á neinum breytingum til þess að draga þetta til baka eða gera frekari breytingar á lögum um almannatryggingar í þágu eldri borgara og öryrkja.

Landssamband eldri borgara tók á síðasta ári þátt í starfshópi m.a. með fulltrúum allra þingflokka og aðilum vinnumarkaðarins um endurskoðun almannatrygginga og hefur staðið að því að lagt yrði fram nýtt frumvarp um ellilífeyri þar sem tekið væri á þeim skerðingum sem gilda í dag. Landssambandið mun að sjálfsgöðu standa við það samkomulag sem þar var gert en þykir þó ljóst að á þessu þingi náist það ekki fram að ganga. Þetta frumvarp sem hér er lagt fram miðar að því að snúa við þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um almannatryggingar með lögum nr. 100/2007.

Landssamband eldri borgara mælir með því að þetta frumvarp verði samþykkt.

Reykjavík, 13. febrúar 2013

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
formaður LEB